

**Fiskistofa**

**04 215**

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Fiskistofa**

**kt. 660892-2069**

**Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fiskistofa er ríkisaðili í A-hluta sem heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Um starfsemi Fiskistofu gilda lög nr. 36/1992 um Fiskistofu, með síðari breytingum. Fiskistofa annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, hvalveiða o.fl. Hlutverk Fiskistofu er jafnframt að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 13 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.025,3 milljónir og afkoma kr. -54,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 32,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 213,1 milljónir.

Það er okkar álit að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fiskistofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og fjármálastjóri staðfesta hér með ársreikning Fiskistofu fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Ögmundur Haukur Knútsson,  
Fiskistofustjóri

(undirritað rafrænt)

Björk Guðmundsdóttir,  
Fjármálastjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	851.100.000	881.600.000
Aðrar tekjur .....		71.313.642	57.330.950
Seld þjónusta .....	3	2.849.230	940.665
Vörusala .....		495.659	450.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	77.861.128	63.001.123
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	21.659.575	15.546.006
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.025.279.234</b>	<b>1.018.868.744</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	785.889.442	755.802.363
Annar rekstrarkostnaður .....	6	271.665.379	260.171.584
Afskriftir .....	7	21.659.575	15.546.006
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.079.214.396</b>	<b>1.031.519.953</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(53.935.162)</b>	<b>(12.651.209)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(84.669)	(93.393)
		(84.669)	(93.393)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(54.019.831)</b>	<b>(12.744.602)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		31.370.570	32.755.884
Farartæki og vélar .....		35.936.452	39.696.015
Aðrar eignir .....		1.069.155	1.290.994
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>68.376.177</u>	<u>73.742.893</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		4.419.283	2.994.819
Tengdir aðilar .....	9	136.322.029	184.293.957
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	2.359.000	2.460.000
Handbært fé .....		1.644.087	929.515
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>144.744.399</u>	<u>190.678.291</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>213.120.576</u>	<u>264.421.184</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		32.672.865	86.692.696
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>32.672.865</u>	<u>86.692.696</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	10.715.184	11.090.012
Viðskiptaskuldir .....		9.835.080	13.498.206
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	83.756.083	84.323.546
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	76.141.364	68.816.724
<b>Skuldir samtals</b>		<u>180.447.711</u>	<u>177.728.488</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>213.120.576</u>	<u>264.421.184</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(54.019.831)	(12.744.602)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	21.659.575	15.546.006
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(21.659.575)	(15.546.006)
		(54.019.831)	(12.744.602)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.323.464)	1.622.450
Tengdir aðilar .....		56.684.545	20.071.682
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(4.230.589)	(8.159.973)
		51.130.492	13.534.159
		(2.889.339)	789.557
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(18.167.555)	(23.339.211)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		2.155.000	200.000
		(16.012.555)	(23.139.211)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		16.012.555	23.139.211
Gjafaframlög til fjárfestinga .....		3.603.911	0
		19.616.466	23.139.211
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		714.572	789.557
		929.515	139.958
		1.644.087	929.515

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af tekjum vegna vottorða, leyfa og eftirlits.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár eða óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.



## Skýringar

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	851.100.000	881.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	21.659.575	15.546.006
	<b>872.759.575</b>	<b>897.146.006</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	855.700.000	0	0	855.700.000
Fjáraukalög .....	(12.000.000)	0	0	(12.000.000)
Millifært úr varasjóð .....	7.400.000	0	0	7.400.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>851.100.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>851.100.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(905.119.831)	0	0	(905.119.831)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(54.019.831)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(54.019.831)</b>

	2021	2020
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	2.424.780	0
Ýmsar þjónustutekjur .....	349.450	940.665
Fræðslustarfsemi og fundir .....	75.000	0
	<b>2.849.230</b>	<b>940.665</b>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	35.301.717	33.902.031
Afnotagjöld .....	22.386	33.073
Kostnaðarhlutdeild .....	18.824.860	19.509.095
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	19.307.503	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	4.404.662	9.556.924
	<b>77.861.128</b>	<b>63.001.123</b>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	624.900.829	610.727.554
Orlof, breyting .....	13.244.228	(2.206.635)
Launatengd gjöld .....	141.064.629	139.517.441
Starfsmannakostnaður .....	6.679.756	7.764.003
	<b>785.889.442</b>	<b>755.802.363</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	59,7	61,9

## Skýringar

	2021	2020
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	871.413	1.382.279
Byggingarvörur, aðrar .....	137.950	26.433
Tæki og búnaður til innréttinga .....	28.438	0
Ýmis tæki og áhöld .....	2.882.247	2.796.863
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	683.280	582.456
Orkugjafar .....	6.626.133	6.039.300
Matvæli .....	7.613.160	6.838.431
Almennar rekstrarvörur .....	1.892.591	3.055.551
Vörukaup, almenn	20.735.212	20.721.313
Kennslu- og fönðurvörur .....	27.120	0
Ýmsar sérgreindar vörur .....	25.778	203.630
Vörukaup, sérgreind	52.898	203.630
Fundir, námskeið, risna .....	1.042.338	1.832.998
Ferðir, upphald .....	34.601.602	31.031.931
Akstur .....	4.825.410	3.239.324
Sérfræðiþjónusta .....	57.189.356	53.739.598
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	220.054	243.628
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	4.105.346	2.362.751
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	4.073.063	4.493.230
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	106.057.169	96.943.460
Afnotagjöld .....	25.591.936	28.142.066
Leigugjöld .....	96.127.623	88.092.797
Notkun véla og flutningatækja .....	28.280	48.848
Verkkaup .....	9.926.837	11.678.175
Kostnaðarhlutdeild .....	11.188.998	13.033.760
Tryggingar, lögboðnar .....	1.461.010	985.287
Opinber gjöld .....	382.819	324.848
Tapaðar kröfur .....	112.597	(2.600)
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	144.820.100	142.303.181
Annar rekstrarkostnaður samtals	271.665.379	260.171.584
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	10.967.763	8.318.973
Farartæki og vélar .....	6.881.322	6.835.353
Aðrar eignir .....	221.839	248.742
Sölutap og úreltar eignir .....	3.588.651	142.938
	21.659.575	15.546.006

## Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	31.370.570	32.755.884
Farartæki og vélar .....	35.936.452	39.696.015
Aðrar eignir .....	1.069.155	1.290.994
	<u>68.376.177</u>	<u>73.742.893</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	74.883.523	66.905.230	3.391.881	145.180.634
Viðbætur á árinu .....	10.738.955	7.428.600	0	18.167.555
Selt/úreitt á árinu .....	(14.176.166)	(16.420.500)	0	(30.596.666)
	<u>71.446.312</u>	<u>57.913.330</u>	<u>3.391.881</u>	<u>132.751.523</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	42.127.639	27.209.215	2.100.887	71.437.741
Afskrift ársins .....	10.967.763	6.881.322	221.839	18.070.924
Selt/úreitt á árinu .....	(13.019.660)	(12.113.659)	0	(25.133.319)
	<u>40.075.742</u>	<u>21.976.878</u>	<u>2.322.726</u>	<u>64.375.346</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>31.370.570</u>	<u>35.936.452</u>	<u>1.069.155</u>	<u>68.376.177</u>

## 9 Tengdir aðilar

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	129.770.957	166.627.088
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	6.551.072	17.666.869
	<u>136.322.029</u>	<u>184.293.957</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	10.715.184	11.090.012
	<u>10.715.184</u>	<u>11.090.012</u>

## 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	2.359.000	2.460.000
	<u>2.359.000</u>	<u>2.460.000</u>

## Skýringar

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	86.692.696	99.437.298
Afkoma ársins .....	(54.019.831)	(12.744.602)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>32.672.865</u>	<u>86.692.696</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
<b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	65.139.800	51.895.572
Önnur ógreidd gjöld .....	18.616.283	32.427.974
	<u>83.756.083</u>	<u>84.323.546</u>

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	68.376.177	73.742.893
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga) .....	7.765.187	(4.926.169)
	<u>76.141.364</u>	<u>68.816.724</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	73.742.893	(4.926.169)	68.816.724
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	25.100.000	25.100.000
Gjafir til fjárfestinga .....	0	3.603.911	3.603.911
Bókfært verð seldra eigna .....	(2.245.792)	2.245.792	0
Sölutap varanlegra rekstrarfjármuna .....	371.096	(371.096)	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	280.304	280.304
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	18.167.555	(18.167.555)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(21.659.575)	0	(21.659.575)
	<u>68.376.177</u>	<u>7.765.187</u>	<u>76.141.364</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 17,5 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

## Skýringar

### 14 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársins 2025 og 2026, tímabundna og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa og aðra samninga vegna daglegrar starfsemi. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu munu nema kr. 65,4 milljónum, vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 24 milljónum og vegna annarra samninga kr. 20,6 milljónum árið 2022.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.